

87

18. apríl

Stjórnin annast ávöxtun sjóðsins og setur sér að öðru leyti starfsreglur, eftir því sem henni þurfa þykir. Enn fremur annast hún um úthlutun styrkja úr sjóðnum eftir þeim reglum, er hér á undan greinir. Skal árleg úthlutun úr sjóðnum fram fara á afmælisdegi Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, 3. marz.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda fundarbók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur skal stjórnin halda sérstaka bók yfir hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið ársreikningi hverju sinni eigi síðar en 1. febrúar. Sendir hún síðan reikninginn til endurskoðunar og skal endurskoðun framkvæmd af mönnum kjörnum af háskólaráði. Að lokinni endurskoðun skal reikningur sjóðsins árlega birtur í árbók háskólans eða í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 12. apríl 1952.

Ingibjörg Claessen Þorláksson.

Anna M. Hjartarson.

Elín K. Halldórsson.

88

19. apríl

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 66 22. júní 1937.

1. gr. orðist svo:

1. gr.

Þæjarsjóður hefur einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er, á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

4. gr. orðist svo:

2. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, öðrum en geymsluhúsum, sem ekkert vatn nota. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignaverð húseigna. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og á þá, sem hafa vatnshana utanhúss. Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna samkvæmt gjaldskrá.

5. gr. orðist svo:

3. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.